

einhver andleg vera, sem er trúað að búi í honum, sem er tilbeðinn, er ekki altaf ljóst, en vafalaust er það oftast hluturinn sjálfur, sem tilbeðinn er, og er álitinn að vera gæddur einhverjum öflum eða eiginlegleikum, er hafi áhrif á og vald yfir lífi manna á einhvern hátt. Næst kemur trú á *anda*. Alt það, sem hin mjög takmarkaða þekking manna á þessu stigi getur ekki gert sér grein fyrir, er trúað að sé af völdum ósýnilegra anda, sem heimurinn er fullur af. Þessi andatrú verður til annaðhvort þannig, að við það að sjá aðra deyja, sjá lífsaflíð hverfa burt úr líkamanum, trúa þeir, sem eftir lifa, að það sem yfirgaf líkamann, haldi áfram að lifa ósýnilegt í kringum þá; eða þá að við það að verða var við hulda krafta í náttúrunni, er ályktað, að þeir hljóti að vera af völdum ósýnilegra vera, er búi á vissum stöðum. Þessi trú á anda, hvort sem það eru andar framliðinna eða einhverjar aðrar andlegar tilverur, er lægra stig af fjölgyðistrú (polytheism) og er kölluð trú á marga anda (polydemonism). Smám saman verða andarnir færri, og í staðinn fyrir þá koma náttúrugúðir. Fyrst, áður en menn læra að þekkja sambandið á milli eins náttúruafls og annars, eru guðirnir svo að segja á hverju strái. Hver á og hvert fjall og jafnvel tré hafa sinn guð. Þegar þekking manna á náttúruöflunum eykst, fækkar guðunum, og jafnframt því verður persónugerfi hvers guðs óákveðnara. Stormguðinn og sævarguðinn eru jafnframt því sem þeir eru persónulegar tilverur, einnig skoðaðir sem stormurinn og sjórinn í sjálfu sér. Þetta er hin verulega fjölgyðistrú, eins og vér sjáum hana í hinum fornu trúarbrögðum Grikkja, Rómverja og Norðurlandabúa, og einnig í hinum eldri trúarbrögðum Forn-Indverja. Í öllum fjölgyðistrúarbrögðum er einn guðinn gerður æðstur allra guða og jafnframt hinn elzti forfaðir hinna guðanna, alfaðir. Hinir guðirnir verða þá óæðri og máttarminni heldur en þessi eini. Hér er fyrsta sporið í áttina til eingyðistrúarinnar, þó afarlangt sé frá þessu fjölgyðistrúarstigi til hreinnar eingyðistrúar.

Framförin er ekki hin sama alstaðar. Breytiþróunin starfar ekki alstaðar eins, heldur hagar sér að nokkru leyti eftir hinum ytri kringumstæðum. Alveg eins er því varið með þroska